

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Helguvík



Dags eftirlits	8.11.2012	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Alur	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Borgartúni 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5903982099	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Adamsson	ÍSAT nr.	27.42 Álvinnsla
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá starfsleyfi komu fram í eftirlitinu.

Fyrri frávikíð var að rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni verksmiðjunnar og bar að leggja slíka áætlun fyrir Umhverfisstofnun til samþykktar í síðasta lagi 1. mars 2012. Þetta frávik kom fram við síðasta eftirlit og hefur rekstraraðili frest til 15. desember nk. til að skila inn vöktunaráætlun, sbr. bréf frá stofnuninni dagsett 8. nóvember 2012.

Seinna frávikíð varðar frávik frá undanþágu umhverfisráðuneytisins, sem veitt var með bréfi dagsettu 16. maí 2011, og varðar það að úrgangi sem ekki uppfyllir útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang var komið fyrir ofansjávar, er í eftirfylgni hjá stofnuninni sbr. bréf dagsett 8. nóvember 2012.

UMFANG EFTIRLITS

Verksmiðjan var ekki í gangi þegar eftirlitið átti sér stað en farið var í stjórnstöð og hún skoðuð. Þaðan var einnig góð yfirsýn yfir verksmiðjuna.

Helstu áhersluatriði í eftirlitinu eru:

1. Yfirfara úrgangsmál, meðhöndlun gjallsands og síuryks. Samskipti við Eden og nánari lýsingu á þeirra meðhöndlun á gjallsandinum.
2. Vöktunaráætlun – farið yfir vöktunaráætlun annarsvegar og vöktunarkerfi hinsvegar.
3. Yfirfara síðustu eftirlitsskýrslu og fara yfir eftirfylgnismál sérstaklega.
4. Fara aftur yfir það helsta í nýju starfsleyfi.

Í umræðum um úrgangsmál var rætt um veginn sem Alur lét leggja frá Berghólabraut í Selvík sem liggur norðan við Helguvík þar sem fyrirhuguð skolgryfja Norðurál Helguvík verður og Alur fái afnot af henni fyrir gjallsand. Í þennan veg var notaður gjallsandur sem ekki hafði fengið næga útskolun og var því óheimilt að nota hann í veginn.

Umhverfisstofnun hefur farið fram á tímasetta áætlun um úrbætur þar sem gjallsandurinn verði fjarlægður og komið fyrir í skolgryfjunni. Rekstraraðili sagði að Verkfræðistofa Suðurnesja sæi um þessar úrbætur og greinargerð þar um væri væntanleg.

Alur er með fyrirætlanir um að senda gjallsand eftir meðhöndlun í skolgryfju til fyrirtækis að nafni Eden sem mun steypa hann í kubba og flytja kubbana út sem venjulega vöru (ekki hættulegur úrgangur) til steinullarfyrirtækisins Rockwool. Gjallsandurinn verður skolaður áður en hann er sendur til Eden. Eftirlitsfulltrúar bentu á skolonin væri nauðsynleg, því annars væri um spilliefni að ræða sem þyrfti að meðhöndla eftir þeim reglum sem gilda um slíkt. Rekstraraðili ræddi einnig tilraunir Als með eftirbrennslu á gjallsandi, til að losna við öll spilliefni úr honum svo hann uppfylli viðmið um óvirkan úrgang sem mætti þá senda beint til Eden. En þetta þarf að þróa frekar og staðfesta með sýnatöku.

Í ákv. 2.3 í starfsleyfi kemur fram að ráðstöfun meðhöndlaðs gjallsands og síuryks sé háð samþykki Umhverfisstofnunar. Fulltrúar Umhverfisstofnunar útskýrðu á fundinum að stofnunin gæti eingöngu tekið afstöðu til þessarar ráðstöfunarleiðar fyrir gjallsand skili rekstraraðili inn til stofnunarinnar erindi ásamt greinargerð um efnið.

Rekstraraðilar samþykktu að senda Umhverfisstofnun greinargerð um meðferð Eden á sandinum.

Eftir fundinn var farið að skolgryfju og hún skoðuð. Flóð var og sjórinn langt yfir gjallsandinum. Einnig var reynt að komast í Selvík en það var ekki hægt þar sem gríða stór skurður sem verið

var að grafa fyrir frárennsli álversins í Helguvík hindraði alla aðkomu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 5.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni verksmiðjunnar og bar að leggja slíka áætlun fyrir Umhverfisstofnun til samþykktar í síðasta lagi 1. mars 2012. Þetta frávik kom fram við síðasta eftirlit og hefur rekstraraðili frest til 15. desember nk. til að skila inn vöktunaráætlun, sbr. bréf frá stofnuninni dagsett 8. nóvember 2012.
Frávik frá undanþágu umhverfisráðuneytisins.	Seinna frávikið varðar frávik frá undanþágu umhverfisráðuneytisins, sem veitt var með bréfi dagsettu 16. maí 2011, og varðar það að úrgangi sem ekki uppfyllir útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang var komið fyrir ofansjávar, er í eftirfylgni hjá stofnuninni sbr. bréf dagsett 8. nóvember 2012.

ATHUGASEMDIR

Reykjavík, 21.01.2013



Ólafur Kristinn Tryggvason

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.